

Hr. Sigurður Þórðarson

Ríkisendurskoðun  
Skúlagata 57  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. september 2002

Ágæti Sigurður.

Vegna þeirra skoðunar sem nú stendur yfir af hálfu Ríkisendurskoðunar með vísan til nýlegra atburða tengdri framkvæmdaneftnd um einkavæðingu vill undirritaður fyrir hond Samson eignarhaldsfélags ehf áréttu eftirfarandi.

Samson eignarhaldsfélag ehf hefur ítrekað óskað eftir því við framkvæmdaneftnd um einkavæðingu að fá skýr svör við spurningum okkar um vinnureglur við sölu bankanna. Þau svör sem okkur hafa borist hafa verið rýr og að auki höfum við haft óljósar spurnir af framvindu mála í gegnum fjölmíðla. Vegna hinnar óljósu stöðu, sem við höfum fundið okkur í, höfum við ítrekað sent framkvæmdaneftnd um einkavæðingu bréf og áréttuð spurningar okkar. Í fáeinum tilfellum höfum við sent frá okkur yfirlýsingar til fjölmíðla til að undirstrika á hvaða forsendum við erum að óska eftir viðræðum við framkvæmdaneftndina um viðskipti með hlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og síðar, að frumkvæði hins opinbera, í Búnaðarbanka Íslands hf.

Til að greina þér betur frá stöðu okkar kys ég að rekja feril samskipta okkar við framkvæmdaneftnd um einkavæðingu.

Þann 27. júní sl. rituðum við bréf til framkvæmdaneftndar um einkavæðingu vegna áhuga okkar á að gerast kjölfestufjárfestar í Landsbanka Íslands, en einn stærsti banki heims, HSBC í London, hafði verið með bankann til sölumeðferðar í rúmt eitt ár. Í ljósi þess að árangur af því sölustarfi var enginn töldum við að áhuga okkar yrði tekið fagnandi. Við lítum á okkur sem erlenda fjárfesta með mikla þekkingu af erlendum fjármálamörkuðum. Við höfum auk þess sýnt það sem kjölfestufjárfestar í lyfjafyrirtækinu Pharmaco hf. að okkur er umhugað um heildarhagsmuni fyrirtækja til lengri tíma, þ.m.t. hagsmuni starfsmanna, viðskiptavina og minni hluthafa, enda fara hagsmunir allra hluthafa saman sé arðsemi fyrirtækisins ávallt höfð að leiðarljósi. Í umræddu bréfi voru settar fram þrettán tölusettar forsendur til grundvallar samningaviðræðum.

Við töldum eðlilegt að senda fyrsta bréf til HSBC í London og lýsa þar áhuga okkar, en vegna óska frá framkvæmdaneftnd um einkavæðingu var bréfið sent beint til þeirra. Í kjölfar þess ákvað nefndin að nauðsynlegt væri að auglýsa hlutinn til sölu á ný og gefa öðrum, er kynnu að hafa áhuga á kaupum á umtalsverðum hlut í ríkisbönkunum tveimur kost á að gefa sig fram. Slíkt hefði eflaust ekki verið raunin ef áhuga hefði verið lýst beint í bréfi til HSBC. Framkvæmdaneftndin vildi hefja könnunarviðræður við okkur þá þegar en við töldum það ekki eðlilegt fyrir en að útrunnum tilboðsfresti.

Jafnframt töldum við að samfara lokum útboðsfrests myndu skýrar vinnureglur um söluferlið líta dagsins ljós. Í bréfi sem sent var framkvæmdanefnd um einkavæðingu, þann 25. júlí, var áhugi okkar ítrekaður auk þess sem einnig var lýst áhuga á að kaupa kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands, enda hafði hann verið auglýstur. Í bréfinu voru einnig ítrekaðar þær forsendur fyrir kaupunum sem fram komu í fyrsta bréfinu.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu boðaði til funda í júlílok með öllum þeim fimm aðilum sem höfðu áhuga á kaupum á kjölfestuhlutum í bönkunum. Á þeim fundum óskuðu forsvarsmenn Samson eftir að fá skriflegt svar við því hvaða vinnubrögð myndu vera viðhöfð í viðræðum við þá aðila sem sendu inn tilkynningu til nefndarinnar. Einnig hvaða gögn aðilar myndu fá aðgang að og við hvaða tímaramma væri stuðst.

Svör við þessum spurningum bárust ekki og voru þær ítrekaðar í bréfi til nefndarinnar þann 7. ágúst. Svör bárust síðan 16. ágúst og voru þar tilgreind þau meginatriði sem nefndin ætlaði að leggja til grundvallar vali á samningsaðila, - fjárhagsstaða, þekking og reynsla á fjármálamaðra, hugmyndir um staðgreiðsluverð og áform varðandi rekstur. Í þeim löndum sem við höfum tekið þátt í einkavæðingarverkefnum hafa tvær skýrar leiðir verið farnar, annars vegar hrein uppboðsleið og hins vegar matsleið þar sem fyrirfram tilgreindir þættir eru metnir og heildarniðurstaða úr nokkrum liðum ræður ákvörðun. Miðað við svör framkvæmdanefndar var okkar skilningur sá að síðari leiðin yrði farin í tilfelli Landsbanka Íslands.

Kynningarfundur var haldinn með yfirmönnum Landsbanka Íslands, þann 22. ágúst, þar sem afkoma fyrstu sex mánaða ársins var kynnt. Þar sem um viðkvæmar upplýsingar var að ræða reyndist forráðamönnum bankans ekki unnt að svara nema broti af þeim spurningum sem við lögðum fram á fundinum. Okkur var tjáð að ekki væri unnt að svara þeim fyrir en í samningaviðræðum við þann aðila sem valinn yrði.

Á fundi með framkvæmdanefnd um einkavæðingu, þann 28. ágúst, afhenti nefndin forráðamönnum Samson bréf þar sem óskað var eftir svörum við spurningum sem flokkaðar voru í fjóra meginflokk; fyrirkomulag eignarhalds, stærð eignarhlutar, fjármögnun og framtíðarsýn. Á fundinum var spurt af okkar hálfu hvort ræða ætti um verð, en svo var ekki þar sem ekki var búið að tryggja að aðilar uppfylltu öll önnur ákvæði sem tilgreind voru í bréfinu.

Daginn eftir soldi Landsbanki Íslands allan eignarhlut sinn í Vátryggingafélagi Íslands hf., - VÍS. Sú sala var strax gagnrýnd af okkur opinberlega enda var kaupandinn einn keppinauta okkar um kjölfestuhlut í bankanum. Ekkert var minnst á söluna á fundinum, en hún var tilkynnt opinberlega um 18 klukkustundum eftir að fundi okkar með nefndinni lauk. Með þessari sölu voru allar forsendur sem áður höfðu komið fram um rekstraráætlanir Landsbanka Íslands fyrir árið 2002 breyttar. Bréf var því sent sama dag og tilkynnt var um söluna, 29. ágúst, þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvaða áhrif salan hefði á rekstraráætlanir bankans. Svar við þeiri spurningu hefur ekki enn borist. Þann 30. ágúst sendu forráðamenn Samson frá sér fréttatilkynningu þar sem furðu var lýst á sölu á eignarhlut bankans í VÍS. Auk þess var bent á þau eigna- og stjórnunartengsl sem eru milli þeirra tveggja hópa sem hafa lýst áhuga á kjölfestuhlut á móti Samson.

Þann 2. september skilaði Samson svörum við þeim spurningum sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu óskaði eftir þann 28. ágúst. Þann 4. september kom síðan óvænt bréf frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu þar sem óskað var eftir að allir aðilar myndu gefa ákveðið í skyn það verð sem þeir vildu kaupa hlutinn á. Svar við því bréfi var sent 6. september en þar voru settir fyrirvarar því nægjanlegar upplýsingar um stöðu bankans og fjárhagsleg áhrif af sölu á hlut hans í VÍS lágu ekki fyrir. Á fundinum 28. ágúst höfðum við skýrt tekið fram að ekki væri hægt að nálgast verð frekar nema að fengnum ítarlegri upplýsingum og var framkvæmdanefndin sammála því.

Næsta sem gerist er að framkvæmdanefndin tilkynnir fjölmiðlum þann 9. september að Samson verði valið til frekari viðræðna. Forráðamönnum félagsins var afhent bréf þess eðlis þann 10. september. Í tilkynningu frá okkur kemur fram ánægja okkar með að verða fyrir valinu. Í viðtölum við Björgólf Thor Björgólfsson í fjölmiðlum þann dag ítrekaði hann þá afstöðu okkar að forsendur viðræðnanna séu þær sem við lögðum upp með að viðbættum þeim sem urðu til á þeim rúmu tíu vikum sem liðu frá því við sendum fyrst bréf um viðræður og þar til okkur barst afgerandi svar.

Af þessari framvindu má ljóst vera að ferli þessarar einkavæðingar hefur verið óljós þar sem ekki hafa fengist skýr svör við ítrekuðum spurningum okkar um forsendur viðræðna. Þrátt fyrir að við höfum verið valdir til viðræðna er staðan að okkar mati enn óljós og miklar og erfiðar samningaviðræður eftir. Yfirlýsingar okkar í fjölmiðlum, sem enduróma bréf okkar til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, ber að skoða í því ljósi. Það er ekki ætlun okkur að ná drottunarstöðu í íslensku bankakerfi, heldur viljum við miðla af reynslu okkar og þekkingu. Okkur þykir miður að vera dregnir inn í sífelldar vangaveltur um að val byggi á pólitískum skoðunum eða persónum manna, þar sem við höfum í hvívetna lagt áherslu á fagleg vinnubrögð. Við erum alþjóðlegir fjárfestar og við sjáum tækifæri hér á landi sem við viljum nýta og þar með um leið stuðla að því að íslenskir bankar verði öflugri, alþjóðlegri og veiti viðskiptavinum sínum betri og hagkvæmari þjónustu.

Virðingarfyllst,

Björgólfur Guðmundsson

